Fundur SKRR þann 12. Janúar 2015

ÍSÍ fundarsalur E, Engjavegi 6 Reykjavík

Fundur settur: kl. 17.30

Mættir: Benedikt Geirsson (formaður), Þóroddur Þóroddsson (Ullur), Kári Elísson(Ármann), Hallgrímur Davíð Björnsson (Breiðablik), Guðmundur Guðjónsson (KR) og Sigrún Inga Kristinsdóttir (ÍR).

Fundinn ritar Guðmundur Guðjónsson í forföllum ritara.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.

- Fundargerð samþykkt.

2. Mótamál

- Undirbúningur vegna UMÍ er kominn af stað og hittist undirbúningsnefnd 18. desember. Þar var verkefnum útdeilt. Mótstjóri verður Auðunn Kristinsson og leiðir hann undirbúninginn.
- RIG verður haldið nú í Janúar og mun BBL standa fyrir bretta og skíða ati (Ski and snowbord cross). Sérsmíðuð hlið verða notuð við ræsingu og er sú vinna á loka metrunum.
- Ullur mun halda bikarmót í göngu 25. Janúar. Undirbúningur vegna þess móts er vel á veg kominn.
- Mótanefnd SKRR hittist í lok Nóvember þar sem mótatafla var sett saman, en vantar nokkuð uppá að allt sé frágengið varðandi önnur mót en UMÍ. Ákveðið að boða annan fund í mótanefnd SKRR 14. Janúar.

3. Önnur mál

- Tillaga frá Ármanni sem send var öllum formönnum og nefndarmönnum SKRR. Kári óskar eftir að heyra frá fulltrúum hver þeirra sýn er á þetta mál. Telja fundarmenn viðunandi skýringar ekki hafa komið frá Ármanni. Skiptst á skoðunum um þetta mál án niðurstöðu.
- Endurnýjun númeraseríu er í gangi. Kostnaður er áætlaður 500.000 og N1 er að skoða aðkomu að þessu máli, en eldri sería ber “ESSO” logo. BG heldur áfram með þetta mál.
- Gjaldkeri(SIK) er ekki komin með öll gögn frá fyrri gjaldkera en stefnt er að því ljúka því nú í janúar.
- Hermannsgangan fór fram á Akureyri 10. Janúar og var gengi Reykvíkinga með ágætum á þessu móti.
- Ólympíuleikar æskunnar fara fram í Lichtenstein 25. Janúar. SKÍ hefur ekki gefið út hverjir hafa þátttökurétt á þessum leikum. Formanni falið að beyta sér í þessu máli.

Fundi slitið 19:15.